



Föngulegur hópur stúdentsefna frá MT leggur af stað í blysför kringum tjörnina. Þessi ganga var hluti af þeiri athöfn, þegar verðandi stúdentar kvöddu skóla sinn.

—Ljósmynd: GE

## þrjár milli- ónir frá Sviss

**SENDIHERRA** Sviss-lendinga gekk á miðviku daginn á fund forsætisráðherra og færði honum kveðju svissnesku rikisstjórnarinnar, ásamt ávisun að upphæð hundrað þúsund svissneskir frankar, vegna náttúrhamfaranna í Vestmannaeyjum.

Petta er jafnvirði tæplega þriggja milljóna króna og rennur í viðlagasjóó.



Eyjólfur Jónsson, húsvörður í MT, eða „Húsi” eins og nemendur MT kalla hann. Ljósmynd: GE

## „Vona, að ein- hverjir hafi tekið sönsum”

sagði Hannibal Valdimarsson um  
vegatollsfrumvarpið

KJ-Reykjavík — Við eignum að taka upp vegatoll á Reykjanesbraut aftur, og við eignum að taka upp vegatoll á Suðurlandsvegi, sagði Hannibal Valdimarsson samgöngumálaráðherra í svarenið fyrrispurn um vegatollinn á fulltrúafundi klúbbanna Öruggur akstur í gær.

Hannibal sagðist hafa verið mótfallinn því, að vegatollsinn heimtan á Reykjanesbraut væri feldi niður á sinum tíma, en nú væri málid til meðferðar í þinginu, og yrði væntanlega tekið til afgreiðslu næstu daga. Sagði Hannibal, að málid yrði væntanlega afgreitt úr nefnd í dag, og þegar það kæmi til afgreiðslu í þinginu, sagði hann, að menn myndu sjá til, hvort einhverjir þingmenn hefðu ekki tekið söns um síðan í fyrra og greiddu vegatollinum atkvæði sitt.

Þá sagði ráðherrann, að þegar gengið hefði verið frá það löngum vegarkafla á Vesturlandsvegi, að samsvaraði áðurnefndum vegum, að taka þar upp vegatoll, og einnig væri vel hugsanlegt að taká vegatoll af þeim, sem ækju yfir veginn á Skeiðarársandi, þegar þar að kæmi.

Ráðherrann sagðist hafa mætt á fundum á Suðurnesjum, þar sem vegatollinn hefði verið til umræðu, og hefði sér fundist, að fólk skildi nauðsyn þess að réttlæti að taka gjaldaf af þeim, sem ækju um góða veki. Hann sagðist vera algjörlega sammála skagfirzka bónandanum, sem hefði skrifab sér og sagt, að þeir greiddu hæsta vegatollinn, sem ækju vonda veki.

Þá sagði ráðherrann í svarenið annarri fyrrispurn, að sin skoðun væri, að aldrei hefði átt að Framhald á bls. 19

## Fardagur fyrstu farmann- anna úr Tjarnarskólanum

GJ-Reykjavík Nú fer senn að líða að því, að stúdentar útskrifist frá Menntaskólanum við Tjörnina, og verður hann briðji mentaskólinn á Reykjavíkursvæðinu, sem gerir silt. Í dag lauk kennslu formlega og við tekur hið langa og stranga upplastrarfi stúdentsefna, sem munu vera 170 talsins að þessu sinni. Af þessu tilefni héldu nemendur og kennarar MT „fyrsta fardaginn“ hátiðlegan, svo sem venja er við þessi tímamót.

Nemendur tóku daginn snemma og byrjuðu á því að halda morgunhóf, þar sem nemendur hverrar bekjkardeildar

söfnudust saman á heimili einhvers bekjkarielagans oftast þess er mest hafið húsnæði eða skilningsrikasta átti foreldranna, því ekki er fyrir hvern meðalmann að taka á móti 20-30 æskuglöðum stúdentsefnum í samkvæmi kl. fíjugr eða símm að borgni. Ein bekjkardeildin virðist ekki hafa fundið stað fyrir morgungleði sína innan borgarmarka Reykjavíkur, en nemendur leystu það vandamál auðveldlega og fengu húsnæði við sitt hafi suður í Keflavík, hjá lyfsala staðarins. Ýmis smávandamál komu upp, vegna þess að langflestir nemendur í þessari bekjkardeild búa í Reykjavík, en þau leystust skjólega, þegar smáruða fékkst leigð til að flytja fólk til Keflavíkur í samkvæmið og þaðan aftur að því loknu í skóla. A niunda timanum streymdu nemendur fjórða bekjkjar í skólan og sóttu síðustu kennslustundirnar á menntaskólaferli sinum. Ekki var þó kennt lengi að þessum fardegi, því þegar klukkan átti eftir tiu minútum í tiu, var kallað á sal og haldin samkoma með ræðuhöldum, söng og fleiru finu. Þar kvöddu nemendur kennara sína og rektor með blómum, kossum, vísum og ýmsum spakmálum, sem virtust hæfa í mark, ef marka má undirtektir.

Að athöfninni á sal í lokinni, söfnudust nemendur skólan saman í portinu fyrir utan skólan og voru fjórðu bekkingar þar kvæddir. Síðan gengu stúdentsefna blysför frá skóla sinum og kringum tjörnina. Þann hrung bekjkja nemendur MT vel af eigin raun, því það mun fastur líður í hverjum leikfimíti þar í skóla, að hlaupa einn hrung umhverfis tjörnina. Þegar komið var að skólanum aftur, biðu þar rútur tilbunar að flytja fjórðu bekkinga frá skólanum og alla leið til Selfoss, en þar ætluðu þeir að snæða hádegisverð.

Blaðamaður Timans hitti Eyjólfur Jónsson, húsvörði í MT, meðan athöfnin á sal stóð yfir og spurði hann hvernig fólk petta væri, sem nú væri að yfirgefa MT „Húsi“, eins og hann er kallaður af nemendum, svartaði því til, að þegar hann tók við starfi sínu, hefði hann búið við að finna indaðisfólk á meðal nemenda skólan, en

stæreydin væri, að 99 af

hverjum hundrað væru úrvalsfólk

og gerðist hvergi annars staðar betra. Er ekki ónytt að hafa slik

meðmæli frá starfsmanni skólanum sem veganesti á lifsleidinni.

Fardeginum lýkur svo með

dansleik fjórðu bekkinga að Hótel

Borg í kvöld.

## Góður línu- afli á Bol- ungarvík

Krjúl—Bolungarvík — Heildaraflí Bolungavíkurbáta í marzmánuði var 821.3 lestir. Aflahæsti báturinn í mánuðinum var Sólrun með 210 lestir í 22 róðrum, næst kom Guðmundur Þéfur með 210 lestir í 23 róðrum, þá Hugrún með 177 lestir í 22 róðrum, Stigandi með 72 lestir í 17 róðrum og Jakob Vignir með 48 lestir í 14 róðrum, en allir þessir bátar réru með línu. Hafnrun, sem rær með net, landaði 59 lestum í sjö löndunum, en þess ber að gæta, að báturinn varð fyrir vélarbilum og stöðvaðist um alllangt skeið.

Nú er búið að landa 7537 lestum af loðnu á Bolungavík á móti 5500 tonnum í fyrra. Í frystingu hafa farið 369 lestir. Unnið er við loðnubræðsluna á vöktum allan sólarhringinn og sólarhringsafkötin eru 180-190 tonn. Upphaflega voru afköst verksmiðjunar ekki nema 150 tonn, en síðan hefur verksmiðjan verið endurbyggð.

Tíðin hefur verið rysjott að undanförnu og skiptir stanlausta um veður.



Helga Harðardóttir og Sturla Jónsson, tveir hamingjusamir farmenn frá MT

## Lítið að fá á börunum

ÞÓ—Reykjavík — Deila veitingahúsaeigenda og þjóna stendur enn við það sama, því þjónar höfnubú algerlega bréfi sem veitingahúsaeigendur sendu þeim í gær-morgun, en i þessu bréfi, var miðlunartillaga frá veitingahúsa-eigendum.

Þjónar komu saman á fund kl. 17 í gær og voru þeir á fundi fram til klukkan 20. Samþykktu þeir á fundinum að þeir væru reiðubúinir að vinna, hér eftir sem ábur, eftir þeim kjörum og prósentaflagingu og þeir hafa fengið fram til þessa. En það vilja veitingamenn ekki.

Þjónar mættu allir til vinna í gærkvöldi, það er að segja í þau hús, sem á annað bord voru opin. Þeir gátu selt það vin, sem þeir höfðu undir höndum, en eftir að þeirra vinbirgðir voru þrótnar, fengu þeir ekki meira afgreitt frá veitingamönnum. Því má reikna með að einhverji hafi ekki fengið það að drekka, sem þeir helzt vildu í gær. Ef þessi deila leysis ekki í brað, þá koma vist allir ódrukknir út úr veitingahúsum.

—Ljósmynd: GE

# M.T. útskriffar sína fyrstu stúdenta

*„Enginn skóli hefur verið stofnaður af meira fyrirhyggjuleysi“*

Menntaskólinn við Tjörnina útskrifaði í gær sína fyrstu stúdenta og lauk þar með 4. starfsári sínu. I vetur stunduðu alls 682 nemendur nám, þar af



Arnfriður Olafsdóttir, fyrsti stúdentinn sem Menntaskólinn við Tjörnina útskrifar.

útskrifuðust nú 159 stúdentar.

Við athöfnina í gær söng skólokór MT undir stjórn Snorra Birgissonar sem er nemandi í 3. bekk skólans.

Björn Bjarnason, rektor, flutti skyrslu um starsá skólans og rifjaði einnig upp kafla úr stuttari ævi hans.

I ávarpi sinu minnti Björn á að nú, að afloknu 4. starfsari skólans, gæti hann lokt talizt fullvaxta. Það væri sorgleg staðreynd að ekki einu sinni fyrstu stúdentar skólans gætu útskrifast úr hans eigin húsnæði heldur byrfti að leita á náðir sam samkomuhúss i borginni til að hýsa pessa athöfn.

Björn sagði að sennilega hefði enginn skóli á landinu verið stofnaður af meira fyrirhyggjuleysi en Menntaskólinn við Tjörnina. Þar var fyrir atbeina Einars Magnússonar, rektors M.R., ofl. að ráðist var i að breyta Miðbæjarskólanum í menntaskóla. Það kom nefnilega „skyndilega“ í ljós að slikan skóla vantaði fyrir um 200 nemendur sem úrskrifuðust úr



Björn Bjarnason, rektor, ávarpar stúdenta og samkomugesti.

landsprófsdeildum vorið 1969. Miðbæjarskólinn var þá gerður að útbúi M.R. og var Einar Magnússon því rektor skólans fyrsta árið.

Húsnæði Menntaskólans við Tjörnina hefur frá upphafi verið ófullnægjandi og hér var um algjöra bráðabirgðalausn að ræða sem virðist þó því miður eiga eftir að standa óbreytt næstu árin.

Stjórnarráðið skipaði þó byggingarnefnd fyrir skólann og mun það sennilega vera minnsta nefnd sem skipuð hefur verið, i henni var einn maður auk rektors.

Skólanum var úthlutað löð í norð-austurhluta borgarinnar og byggingarnefndin skilaði til-lögum sinum, en samkvæmt þeim skyldi hefja framkvæmdir 1974, 1. áfanga lyki síðan haustið 1975 og 2. áfanga 1976. Ekkert útlit er þó fyrir að þessu skipulagi verði framfylgt þar eð fjárhagsáætlun hins opinbera virðist ekki hafa áhuga á málinu.

Nemendum Menntaskólans við Tjörnina hefur fjölgæð ört enda ekki nema eðlilegt þar eð nýr

árgangur hefur bæzt við árlega. Þannig voru í skólanum í upphafi 165 nemendur en eru nú orðnir 682 eins og áður sagði. I þróngu húsnæði gamla Miðbæjarskólans hefur því þurft að tvisetji þ.e. að kenna þæð fyrir og eftir hádegi. Þannig er ástandið að visu í flestum skólum landsins og sýnir það bagalegt ástand i skólamálum þjóðarinnar.

Ur 4. bekk útskrifast nú 159 stúdentar, þar af 67 úr málakjör-sviði, 58 úr náttúrufræðikjörsviði og 34 úr eðlisfræðikjörsviði. Milli kynja skiptist stúdentafjöldinn þannig, að 64 stúlkur ljúka prófum en 95 eintök af karlpeningi. Einkunnir voru gefnar í heilum tölum og hálfum og eru því einkunnir eins og 9.8 eða 8.3. úr sögunni.

Björn rektor harmaði það, að engin skólastýrsla hefði verið gerð. Þó væri verið að vinna að henni og ef fjárhagsskortur hamlaði ekki mundi hún sennilega lita dagsins ljós einhvern tíma með haustinu.

Viðstaddir skólaslit Menntaskólans við Tjörnina voru m.a. Magnús Torfi Ólafsson, menntamálaráðherra og Guðni Guðmundsson, rektor Menntaskólans í Reykjavík. — GSP

## Vormarkaður hjá Bókavarðafélaginu

Bókavarðafélag Íslands heldur vormarkað í Norræna húsinu á laugardag og verður markaðurinn opnaður kl. 2. Þarna verður til sölu skreyttar viðgreinar, litrik blóm, fatnaður, kökur og bækur. Agða verður varið til eflingar starfsemi félagsins.

**Okkur vantarnar  
fólk til að  
bera út blaðið**

Blaðberar óskast í eftir-talin hverfi:

**Skjól  
Hringbraut  
Hverfisgötu  
Laugaveg 2**

**ÞJÓÐVILJINN**  
sími 17-500.

## Gjaldskrá póst og síma hækkar

Póst- og simamálastjórnin hefur fengið heimild til að hækka gjaldskrána fyrir simajónustu frá 1. júní n.k. og póstþjónustu frá 1. júlí n.k. Umrædd gjaldskrárhækjun er við það miðuð að stofnunin nái að auka tekjur þessa árs um 14,5% til þess að mæta hinum si aukna tilkostnaði í rekstri.

Hjá því hefur raunar ekki verið komið, að hækka hina ýmsu liði nokkuð mismunandi, sem orsakast m.a. af því að hækjun launa og verðlags hefur breytileg áhrif á hina einstöku þjónustubætti svo og hin örðu þróun, sem er í starfsemi pósts og síma, þ.e. ný þjónusta riður sér til rúms en önnur

kerfið, hækkar úr krónum 8000 í krónur 8500.

Þá er timabil næturtaxta, sem er helmingur af dagtaxta fyrir langlinusím tölv, sem valin eru sjálfvirkt, lengdur um 3 klukkustundir á sólarhring. Nú gildir hann frá klukkan 20 í stað klukkana 22 að kvöldi til kl. 8.00 næsta morgun í stað kl. 7.00 og gildir þetta frá mánudegi til föstudags, og frá kl. 15 á laugardögum til kl. 8.00 næsta mánudagsmorgun.

Simskeyti til útlanda, sem bundin eru gengi gullfrankans, lækka um 6%.

Að lokum má geta þess, að þróunin hefur verið sú sl. áratug, að abjónustan hefur stöðugt orð afþró-

## Í NYJUM SKÓLA Í GÖMLU HÚSI

Þau eru „í Tjörninni“

Hér er að vonum lítið um síði og venjur. Engar „toller ingar“ eða „jamberingar“ uppi í Beneventumklettum. Skólinn hefur ekki einu sinni verið formlega settur ennþá. Fyrir um viku hófu 230 unglingsar nám í nýjum menntaskóla í gömlu húsi, Miðbæjarskólanum við Tjörnina. Ákveðið var eftir hverfum, hvaða nemendur skyldu fara í nýja skólanum og hverfir í Hamrahliðarskólann eða Menntaskólanum í Reykjavík við Laekjargötö. Potti ýmsum súrt í broti að lenda í nýja skólanum og þurfa kannski að skilja við gamla vini og skólafelaga, sem fóru í annan hvorn hinna skólananna. Einnig komst upp sá kvittur að ófinna þætti að vera „í Tjörninni“ eins og það er nefnt í hinum skólunum. Ýmsir nemendur voru því kannski eittihvað óánægir til að byrja með en nú er skólinn sem sagt hafinn og virðist hafa ræzt vei úr öllu og óánægjan fokin út í veður og vind. Skólinn heitir Menntaskólinn við Tjörnina en er oft kallaður Menntaskólinn í Tjörninni skammtstað M.I.T., og á hann þá styttingu sameiginlega með einni þekktustu menntastofnun Bandaríkjanna, Tækniháskólanum í Massachusetts svo ekki er þessari ungu mennta stofnun ætlaður litill hlutur í upphafi. Í vetur verður skólinn undir stjórn Einars Magnússonar, rektors M.R., en að öðru leyti verður hann alveg aðskilinn frá gamla skólanum hvað nám, félagslif og annað snertir. Umsjómarkennari nýja skólans er Kristinn Kristmunds son. Og bessa dagana er saga nýja skólans að verða til. „Það getur allt verið orðið örðu vísi eftir viku“, sagði einn af unglunginum sem „fóru í Tjörnina“, þ.e. eru í Menntaskólanum við Tjörnina, og Tíminn ræddi við nú fyrir helgina.

Ef ég fell, ætla ég í Fóstruskólanum.

— Agalega vel, svaraði Sigríður Rafnsdóttir, þegar ég spyr hana hvernig henni falli skólavaran.

— Fyrst langaði mig að fara í M.R., en mig er alveg hætt að langa til þess núna.

Sigríður hefur lítið herbergi fyrir sig á heimili foreldra sínum og hefur búið það eftir sínum smekk. Rautt ljós og

pappirsskraut hangir f lofti og á veggjum, myndir af Che Guevara, Bitlunum og fleiri pop-tónlistarmönnum, Yoko Ono, knattspyrnumanninum Coluna og fleiri stórmennum.

— Það er mikil að gera við námið, segir Sigríður. En skólinn er náttúrlega ekki alger lega kominn í gang.

— Hvernig eru kennsluaðferðirnar?

— Ágaetar. Það eru alltaf einhverjur kennarar sem hlýða mest yfir, taka nemendur t.d. upp að töflu. Svo eru aðrir sem tala um námsefnið á viðum grundvelli, segja okkur meira um það en stendur í kennslubókinni.

— Nokkuð verklegt nám?

— Já, við munum t.d. hafa verklega efnafræði aðra hverja viku, og í íslenzkutímum vinnum við oft í tímumum.

— Hvað um félagslifið?

— Það er ekki ennþá. En nokkrir strákar ætla að efna til skoðanakönnunar meðal nemenda um hvernig því skuli hagað.

— Nokkrir strákar? Eru stúlkurnar áhugaminni um félagsstarf?

— Nei, alls ekki.

— Finnst þér lítið niður á ykkur, sem eruð „í Tjörninni“?

— Já, mér finnst það. Fólk svona glottir, þegar það heyrir að maður sé í þeim skóla, og litur hálfteinkennilega á mann.

— Er námið þar eittihvað frábrugðið því sem gerist í hinum skólunum?

— Nei, ég held það sé alveg það sama.

Atvinnulaus í sumar.

— Hvað gerðir þú í sumar?

— Ég var atvinnulaus.


— Var þá ekki erfitt fyrir þig að byrja í skólanum?

— Jú, það er ógurlega dýrt. En ég þurfti ekki að kaupa mikil af bókum því bróðir minn er líka í menntaskóla og ég fékk bækurnar hans. Ég keypti fyrir um 1500 kr. Ég gæti auðvitað ekki verið í skólanum ef foreldrar minir kostuðu mig ekki.


— Er langt síðan þú ákvaðst að fara í menntaskóla?

— Þegar ég var búin með landspróf, fannst mér ég verða að reyna að halda áfram. Ég gæti ekki hugsað mér að hætta í skóla núna. Ef ég fell, ætla ég að fara í Fóstruskólanum.


Framhald á bls. 22.



Sturla Jónsson: „Siðir mættu gjarnan verða til.“



Sigríður Rafnsdóttir: „Í Fóstruskólanum?“



Björn Leifsson: „Alveg sama um svoleiðis“. Timamyndir: Gunnar.

## Í NÝJUM SKÓLA

Framhald af bls. 24.

Jarðfræði í stað þýzku  
— góð skipti.

Sturla Jónsson er einnig að byrja menntaskólanám. Eins og margir jafnaldrar hans hef ur hann mikinn áhuga á pop-tónlist, bött sjálfur sé hann laglaus. — Mér finnst ekki mik-  
ið varið í islenzku pop-tónlistar mennina, segir hann. Einkum þykir mér mikil til ensku hljómsveitarinnar, Blind Faith (Blind trú) koma, og þeirrar tónlistar er þeir fyltja. Það er eins konar blues jass en samt popmúsík.

— Hvað gerðir þú í sumar?  
— Eg var í kaupavinnu í Borgarfirði.

— Og ertu vel birgur með vasapeninga fyrir veturinn?

— Svona bærilega, eg ætti að komast af.

— Var dýrt að byrja í skól-anum?

— Námsbækurnar kostuðu ekki undir 2000 kr. fyrir utan pappír og þ.h.

— Varst þú alveg ákveðinn að fara í menntaskóla?

— Já, það kom eiginlega ekki annað til greina. Eg ætlaði í Hamrahlíðarskólan en komst ekki. Mér fellt það ákaf-lega illa á tímabili, en nú er mér alveg sama. Eg hef kunnnað sæmilega við mig hér það sem er.

— Er lítið niður á ykkur í þessum skóla?

— Eg held að ekki sé laust við að nemendur í M.R. geri það. Þeim sem eru í gamla skólanum finnst mörgum finna að vera þar. Eg held að nem endur þar sér meiri mennta-snobb en aðrir menntaskólanumar.

## Náttúrufræðistofa og steinasafn.

— Hvernig lízt þér á skóla húsnæði í Miðbæjarskólanum?

— Nokkuð vel, eg hafði búi-tið við húsinu miklu hrölegra. En það má reikna með því að minna sé um kennsluteki og ýmis önnur aðstaða sé lélegri en í hinum menntaskólunum.

— Og kennararnir?

— Misjafnir, í heild kann ég nokkuð vel við þá.

— Þið lærið jarðfræði í stað þýzku, sem áður var kennið í fyrra bekki menntaskólananna?

— Mér persónulega finnst það góð skipti. Síðar eignum við að velja hvort við lærum þýzku eða frönsku.

— Í hvaða greinum verður einum verkleg kennsla?

— Efnafræði og náttúrufræði, þyst eg við. Við verðum í efnafræði úti í Casa Nova en sérstök náttúrufræðistofa og steinasafn verður hér.

— Það gæti að vissu leyti verið gaman í þessum skóla, ef á kemust síðir og venjur, segir Sturla, t.d. eitthvað í líkingu við „tolleríngar“ o.p.h. Félagslífið er daftað enn og undirtektir í þeim efnum lítil-um. Annars veit maður ekkert um hvernig þetta verður, það getur orðið allt öðru við effir viku. Mér finnst að félagslífið mætti verða svipað og í hinum skólunum, eg held að það sé t.d. mjög gott í M.R.

Og við vísjum að áhugamál-inu, tónlistinni.

— Ertu hrifinn af sígildri tónlist?

— Eg kann oft ágætlega við að hlusta á hana.

— Elthvað sérstakt?

— Nei.

Verður kannski 13 ár í Miðbæjarskólanum,

Björn Leifsson heitir þriðji nemandinn úr Menntaskólanum við Tjörnina, sem við töl-

um við. Hann ætlaði í skólan við Hamrahlíð eins og Sturla, en er nú ánægður í nýja skól-anum og ætlað ekki að skipta um að þarflausu næsta vetur fyrst hann er kominn hingað. Ef til vill verður hann í fyrsta stúdentahópnum úr þessum skóla.

— Það hefði reyndar verið gáman að breyta um skóla, segir Björn. Eg var í Miðbæjarskólanum frá því ég var sjö ára hingað til ég fór yfir götuna í landsprófið í fyrra, og nú er ég kominn hingað aftur. Það er leiðinlegt til lengdar að vera alltaf í sama skólahúsini. Það hefði nú alveg mætt skipta um stóla og bord. Þau eru þau sömu og við höfðum fyrir mörgum árum. Það er hægt að sitja á stólunum, en ekki meira en svo.

— Hvernig fellur bér kennslan?

— Vel. Kennararnir eru ágætir og það beztar er að þeir virðast ekki ætla að láta nemendurna vaða uppi.

## Alveg sama um svoleiðis.

— Hvernig lízt þér á félagslíf?

— Nemendur eru svoltið að raska við sér. Eg býst við að til að byrja með verði mælfundir og kynningarfundir, og svo seinna skemmtanir.

— Og þú ætlað að taka þátt í þessu?

— Já.

— Saknárðu gamalla venja og seremonía, sem eru í öðrum skólum?

— Nei, mér er alveg sama um svoleiðis.

— Finnst þér lítið niður á ykkur í þessum skóla?

— Mér finnst sumt fólk álíta að úrhakið hafi farið hingað.

— Og nemendurnir í hinum menntaskólunum?

— Eg hef ekki kynnt þeim.

— Þú varst ákveðinn að fara í menntaskóla, hefurðu kannski ákveðið framhaldsnám í buga?

— Eg hef áhuga á að reyna við rafmagnsfræði. Mér finnst tölvur og þess háttar mjög forvitnilegar og spennandi.

— Hvað vannstu í sumar?

— Eg var handlangari hjá mýrara inni í Breiðholti í einn og hálfað manuð, annars var ég atvinnulaus.

— Hvað kostuðu námsbækurnar og annað, sem þú þurftir til skólan?

— Rúmlega 6000 kr., þar af kostaði ritvél um 4000 en vélritun er ein námsgreinanna, sem við lærum.

Jass — eg er alveg heillaður af honum.

— Hvað hefurðu fyrir stafni í tómstundum?

— Ýmislegt. Eg er m.a. í Tónlistarskólanum að læra á klarnett. Eg er þar eina kl. í viku hjá Gunnari Egilson. Og heilt byrfti eg að æfa mig í einum tíma á dag, og geri það auðvitað ef ég nenni.

— Eg byrjaði að læra á klarnett hjá Jóni Þórarinssyni í Miðbæjarskólanum þegar ég var lítil og fór svo 13 ára í Tónlistarskólanum.

— Kanntu að meta popmúsík?

— Mér finnst allt í lagi með hana. Eg læri sígilda tónlist í Tónlistarskólanum. En annars spila eg aðallega jass. Eg er heillaður af jass-tónlistinni.

Og jassinn leikur. Björn með vinum sínum úr Hamrahlíðarskóla og er raunar með þeim í skólahljómsveit þess skóla. Þeir fá að æfa sig í Hamrahlíðarskólanum. Og hafa komið fram á skemmtunum og spilað bæði í skólanum og Lindarbæ.

S.J.

**Címlíma**

Sunnudagur 3. júní 1973.

**coop**  
MERKID, SEM GLEDUR  
*Hittumst í kaupfélögnum*

**Sóláplast**

Riflaðar plastplötur á  
svalir og í garðskýli

**Geisláplast sf.**  
ARMÚLA 23 SÍMI 82140



Frá brautskráningu fyrstu stúdenta M.T. í Háskólabíói í gær. Lengst til hægri á myndinni er Arnfríður Ólafsdóttir með hvita kollinn sinn — fyrsti stúdentinn, sem brautskráður hefur verið frá M.T.

# ÞEIR FYRSTU ÚR HREIÐRINU 159 BRAUTSKRÁÐIR FRÁ M.T.

„Nýlega brautskráðust fyrstu stúdentarnir frá þeim menntaskóla, sem stofnað hefur verið til af minnstri fyrirhyggju hér-lendis, — kannski í öllum heiminum“. Eitthvað á þessa leið voru orð rektors Menntaskólangs við Tjörnina, Björns Bjarnasonar, er skólanum var slitið við hátiðlega athöfn og að viðstöddu margmenni í Háskólabíói. Við sömu athöfn afhenti rektor nýstúdentum skírteini sín, fyrstu stúdentunum, sem brautskráðust frá M.T. Þess má geta í leiðinni, að fyrsti

stúdentinn, er brautskráður var frá M.T. heitir Arnfríður Ólafsdóttir, í 1V. B., málakjörsviði.

159 stúdentar voru brautskráðir frá skólanum. Skiptust þeir þannig milli deilda. Brautskráðir voru 67 á málakjörsviði, 58 á náttúrufræðikjörsviði og 34 á eðlisfræðikjörsviði. Í þessum fyrsta stúdentahóp frá M.T. eru 64 stúlkur og 95 píltar. Hæstu ein-kunnir á hverja hinna þriggja kjörsviða hlutu eftirtaldir stúdentar málakjörsvið — Hrefna Hjaltadóttir, 9.0, náttúru-

fræðikjörsvið — Guðmundur G. Haraldsson 1V-S 9.0, eðlisfræði-skjörsvið — Halla Björg Baldursdóttir 1V-X, 9.0.

A þessu fjórða skólaári M.T., sem höfst þann 15. september síðastliðið haust, stunduðu alls 682 nemendur nám við skólann. Nemendum skólangs hefur fjölgært, þar sem fyrsta skólaárið 1969-70 voru þeir aðeins 195.

A samkomunni í Háskólabíói í gær, 30. maí, flutti rektor, Björn Bjarnason, skýrslu um störf skólangs og um úrslit prófa. Kór M.T. söng og veitt voru mörg verðlaun fyrir góðan náms-árangur á stúdentsprófi. Þeir

einir skilja, hvaða tilfinning fylgir því að vera loksins orðinn stúdent, sem bað reynt hafa. Og sú tilfinning gleymist seit. Stóryrðin missa oft marks. Það nægir að segja, að það var afar bjart yfir nýstúdentunum, er þeir gengu með hvita kollana út í síð-degissólina. Fjögurra ára strítið við Tjörnina er að baki. All-nokkrum áfanga er náð, — nægum áfanga fyrir stúdentana næstu daga og vikur, — nægur timi gefst síðar að leiða hugann að þeim næsta. Og í dag verður skólaslitahóf að Hótel Borg. Vart verða mörg skuggaskýin þar.

—Stp

## FISKVERÐIÐ

## SKAGAFJÖRDUR: